

# Fornleifarannsókn í Hafnarstræti, á milli Pósthússtrætis og Tryggvagötu. Framkvæmdaeftirlit

---



**Hildur Gestsdóttir**



**FS679-17081**

**Reykjavík**

**2017**

©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Markmið og framkvæmd.....	5
Niðurstöður .....	6
Gripir .....	12
Umræða og lokaorð .....	13
Heimildir .....	14



## Inngangur

Í ársbyrjun 2017 barst Minjastofnun Íslands bréf, dagsett 24.febrúar 2017, frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Í því bréfi kom fram að til stæðu töluverðar framkvæmdir vegna endurgerðar Hafnarstrætis á milli Pósthússtrætis og Tryggvagötu, auk Kolasunds, þar sem endurnýja átti allt yfirborð götu og gangstétta, auk þess sem endurnýja ætti þær lagnir sem komar væru á tíma.<sup>1</sup> Vitað var um nokkur hús sem stóðu við götuna sem gætu náð inn á framkvæmdasvæðið (t.d. Reipslagarahús, Jóska húsið og Flensborgarahúsin). Átti þetta sérstaklega við austasta hluta framkvæmdarsvæðisins, þar sem Sívertsenshús og Thomsens Magasín stóðu. Einnig liggja fyrir heimildir um eldri götur og sjóvarnargarð innan framkvæmdarsvæðisins.<sup>2</sup> Á síðustu tveimur áratugum hafa verið gerðar fjölmargar fornleifarannsóknir vegna framkvæmda á þessu svæði, þar sem allstaðar komu mannvistarleifar í ljós.<sup>3</sup> Var það því mat Minjastofnunar Íslands að fornleifafræðingur þyrfti að hafa eftirlit með fyrirhuguðum framkvæmdum, og ef fornleifar kæmu í ljós, þyrfti að rannsaka þær áður en lengra væri haldið.<sup>4</sup>

Framkvæmdaefirlit og skráning mannvistarleifa í Hafnarstræti fór fram með hléum frá 5. apríl til 6. júní 2017. Verkstjórn var í höndum Hildar Gestsdóttur, en auk hennar unnu við verkið fornleifafræðingarnir Adolf Friðriksson, Guðrún Alda Gísladóttir, Howell Roberts, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Lísabet Guðmundsdóttir og Stefán Ólafsson. Hildur Gestsdóttir og Lísabet Guðmundsdóttir sáu um úrvinnslu, Guðrún Alda Gísladóttir hafði umsjón með greiningu gripa, og naut aðstoðar Gavins Lucas við greiningu á leirkerjum.

## Markmið og framkvæmd.

Rannsóknarsvæðið var Hafnarstræti, bæði akbraut og gangstéttir, frá gatnamótum við Pósthússtræti að vestan, að gatnamótum Tryggvagötu að austan. Auk þess var opnaður skurður inn Kolasund. Framkvæmd verksins var á þann hátt að fornleifafræðingur var alltaf á staðnum þegar unnið var við vélgröft. Þegar fornleifar komu í ljós var vélavinnan stöðvuð svo hægt væri að skilgreina og skrá minjarnar. Var því reynt að skipuleggja vinnuna í samstarfi við verktakana á svæðinu svo að

---

<sup>1</sup> Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 02.03.2017.

<sup>2</sup> Anna Lísabet Guðmundsdóttir 2017.

<sup>3</sup> Sjá Ragnar Edvardsson & Garðar Guðmundsson 2001, Aldred 2007, Aldred 2009, Hildur Gestsdóttir o.fl. 2015, Lilja Björk Pálsdóttir 2015.

<sup>4</sup> Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 02.03.2017.

hægt væri að vinna fornleifarannsóknir meðfram annari vinnu eftir því sem kostur var.

Skáning mannvistarlaganna fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrafterhandbók Forleifastofnunar Íslands.<sup>5</sup> Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp í þessari rannsókn í Hafnarstræti. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað sambengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í sambengi á milli mannvistarlaganna og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu númeraröð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa eftir því sem við á.

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta meðal annars gefið vísbendingu um aldur mannvistarlaganna eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í sambengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgrafterarsvæði, en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru einingánúmer mannvistarlaganna tengd gripánúmerunum og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.<sup>6</sup>


## Niðurstöður

Stærsta hluta rannsóknarsvæðisins hafði verið raskað áður en framkvæmdir hófust af eldri lagnaskurðum. Á flestum stöðum var einungis grafið upp úr eldri skurðum og mátti því sjá óhreyfð jarðlög í sniði á flestum skurðum (sjá mynd 1). Einungis fundust minjar á tveimur stöðum innan framkvæmdarsvæðisins, en allstaðar þar sem óraskaðan jarðveg var að finna mátti sjá um 15cm þykkt jarðlag [06] myndað úr

---

<sup>5</sup> Lucas, 2003.

<sup>6</sup> Lucas, 2003.



Mynd 1. Framkvæmdasvæðið.

rauðbrúnni mold með mikið af lábörðum smásteinum, um 0,5m undir núverandi yfirborði. Þetta eru líklegast leifar af gömlu yfirborði sem hægt var að aldursgreina út frá gerðfræði leirgripa, til lok 19. aldar fram á snemma á 20. öld. Þetta lag lá ofan á sjávarkambinum sem myndaði náttúrulega strandlengju á þessu svæði (sjá mynd 2).



*Mynd 2. Rauðbrún yfirborðslag [06] efst í norðursniði lagnaskurðar, framan við Hafnarstræti 17. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.*

Á milli Pósthússtrætis og Kolasunds kom í ljós gróf grjóthlaðin stétt eða kantur [07], upp við núverandi gangstétt (sjá mynd 1), sunnan megin við götuna, framan við og samsíða húsunum við Pósthússtræti 3 (norðurhlið) og Hafnarstræti 16. Stéttin var 0,8 m breið, og var lengsti varðveitti hluti hennar 7,5 m. Rof var í stéttina vegna seinni tíma lagnaskurða, en hún hefur upprunalega verið amk 20,5 m á lengd. Brún var á stéttinni norðanverðri og hefur hún líklega verið sýnileg þegar stéttin var í notkun (sjá mynd 3). Lítilsháttar fannst af gripum í stéttinni. Helst ber að nefna keramik og gler sem hægt var að tímasetja til seinni hluta 19. aldar – fyrri hluta 20. aldar. Árið 2001 fór fram rannsókn undir húsinu við Hafnarstræti 16 í tengslum við framkvæmdir við húsið. Sumarið 2014 fór svo fram framkvæmdarannsókn í Pósthússtræti (á milli Tryggvagötu og Austurstrætis) vegna skipta á götubotni.



Framkvæmdasvæðið náði þá um 2 m í austur eftir Hafnarstræti. Við hvoruga rannsóknina sáust nein ummerki um þessa stétt.<sup>7</sup> Þær mannvistarleifar sem fundust við rannsóknina undir Hafnarstræti 16 voru allar taldar vera frá fyrri hluta 19. aldar eða eldri,<sup>8</sup> og voru því eldri en stéttin.



*Mynd 3. Stétt [07]. Horft í austur. Ljósmynd: Stefán Ólafsson.*

Geymsluhús úr torfi og grjóti var fyrst reist þar sem nú er lóð Hafnarstrætis 16 um miðja 18. öld. Um aldamótin 1800 var það rífið, og verslunarhús reist (Jóska húsið), sem var rífið eða endurbyggt að miklu leyti um 1820, og stendur það hús enn, þó mikið uppgert.<sup>9</sup> Ekki er ólíklegt að steinstéttin sem fannst við fornleifaeftirlit í Hafnarstræti tilheyri þessu húsi, og hugsanlegt að stéttin eða brún hennar hafi afmarkað húsins við Hafnarstræti 16. Þeir gripir sem fundust í stéttinni voru margir hverjir sjávarsorfnir gæti það bent til þess að tímasetja mætti hana til seinni hluta 19. aldar, eða áður en hafnarframkvæmdir sem hófust í byrjun 20. aldar, en fyrir þann

<sup>7</sup> Ragnar Edvardsson & Garðar Guðmundsson 2001; Hildur Gestsdóttir o.fl. 2015.

<sup>8</sup> Ragnar Edvardsson & Garðar Guðmundsson 2001, 6.

<sup>9</sup> Páll Líndal 1987; 15-6.

tíma voru engin hús norðan við Hafnarstræti/Strandgötu sem lá þá meðfram strandlengjuni.<sup>10</sup>

Óraskaðar minjar komu einnig í ljós í sniði skurðar sem lá rétt suðaustan við austurenda lóðar Hafnarstrætis 21 (sjá mynd 1). Í sniðinu komu í ljós stórir grjóthnullungar (allt að 50 cm í þvermál) sem lagðir höfðu verið með um 1,5 m millibili í sand- og moldarlög ([03], [04]=[09]), þar sem fannst mikið af dýrabeinum (sjá myndir 4 & 5).<sup>11</sup> Inn á milli steinanna var nokkuð af viðarleifum. Um 0,2 m innan (norðan) við sniðið lá eldri lagnaskurður, samhliða þeim sem minjarnar komu í ljós í, og því var einungis hægt að skrá þessar mannvistarleifar í sniði.




*Mynd 4. Grjóthnullungar í norðursniði skurðar framan við Hafnarstræti 21. Ljósmynd: Stefán Ólafsson.*

Í framkvæmdarannsókn sem fór fram á árunum 2006-7 var lóð Hafnarstrætis 21 rannsökuð. Það rannsóknarsvæði lá um 1 m norðan við sniðið sem skráð var í þessari rannsókn. Á þeirri lóð kom í ljós grunnur af húsi sem byggt var 1875, og var lengi eitt

<sup>10</sup> Sjá t.d. laust kort í Guðný Gerður Gunnarsdóttir & Hjörleifur Stefánsson, 1987.

<sup>11</sup> Þessi dýrabein voru ekki hirt.



*Mynd 5. Norður snið*

af húsum Thomsensverslunarinnar (sú verslun stóð við Hafnarstræti 20).<sup>12</sup> Norðan við grunn hússins komu í ljós tvær grjótfyltar gryfjur, eldri en grunnur hússins frá 1875. Hlutverk þeirra er óþekkt, en mögulegt að þetta séu einhverskonar undirstöður af eldra mannvirki sem stóð á lóðinni.<sup>13</sup> Ekki er ólíklegt að grjóthleðslurnar sem skráðar voru í rannsókninni 2017 tengist þessu eldra mannvirki. Ekki hafa fundist neinar heimildir um eðli þess. Ef til vill hefur það verið einhvert hafnarmannvirki.

Tafla 1. Einingarskrá.

Eining	Efni	Tegund	Lýsing
01	Möl	Jarðlag	Nútíma fylling/jöfnunarefni undir malbiki.
02	Sandur	Jarðlag	Dökkbrúnt sandlag með stöku skeljum.
03	Sandur	Jarðlag	Ljósgrátt sandlag með mól & skeljabrotum = [08]
04	Mold	Jarðlag	Rauðbrúnt moldarlag með dýrabeinum =[09]
05	Möl	Jarðlag	Gróft malarlag með skeljum.
06	Mold	Jarðlag	Rauðbrún mold með lóbörðum smásteinum, yfirborðslag.
07	Steinar	Jarðlag	Grjótlögn/stétt/gata
08	Sandur	Jarðlag	Ljósgrátt sandlag með mól & skeljabrotum =[03].
09	Mold	Jarðlag	Rauðbrúnt moldarlag með dýrabeinum =[04].

## Gripir

Fáir gripir fundust við rannsóknina og um 30 voru hirtir. Það voru gripir sem taldir segja eitthvað um svæðið á þeim stöðum sem framkvæmdir áttu sér stað og vitna um aldur mannvistarlaga. Gripirnir komu einkum úr tveimur jarðlögum [6] og [7]. Þá gripi sem hægt er að aldursgreina (keramik og gler) eru taldir vera frá 19.öld og fram á fyrri hluta þeirrar 20.

<sup>12</sup> Aldred 2007, 48; Páll Líndal 1987, 18-19.

<sup>13</sup> Aldred 2007, 14-16, 46.

Tafla 2. Gripaskrá

Fundarnr	Eining	Efni	Tegund	Lýsing	Magn	Þyngd kg
2017-6-1	06	Leir	Ílát, byggingar-efni	A) Þrjú smá ílátsbrot, sennilega af sama hlut, öll hvítglerjuð. Tvö brot af brún falla saman. Stærsta brotið mælist 2,5x1,6x0,4 cm. B) Tvö brúngul leirbrot, sennilega þakskífur, stærra brotið er kúpt og mælist um 5x3,4x5x0,7 cm.	5	19,6
2017-6-2	06	Leir	Tóbaks-pípa	Krítarpípa, leggbrot, óskreytt. 2x0,8 cm.	1	1,5
2017-6-3	07	Leir	Ílát, byggingar-efni	Um helmingur brotanna er sjávarsorfinn. A) Tólf brot af leir-og postulínsílátum, sjö ólík mynstur, fimm brot óskreytt. B) Tvö brúngul leirbrot, sennilega þakskífur, stærra mælist um 4,4x3,9x5x1 cm.	14	96,2
2017-6-4	07	Gler	Ílát, rúða	Þrjú sjávarsorfin brot; tvö ílátsbrot stærra mælist 4x3,8x0,45 cm og eitt rúðugler 3,3x2,5x0,3 cm.	3	20,4
2017-6-5	07	Steinn	Þakflís	Sjávarsorfnar þakhellur, miðjubrot.	2	36,8
2017-6-6	07	Járn	Nagli, þynna	Tveir vírnaglar, sá stærri upprunalega um 10 cm langur. Tvær ílangar málmþynnur, stærri er 5,7x1,4x0,8 cm. Slæm varðveisla, mjög tærðir gripir.	4	45,2
2017-6-7	07	Leir	Tóbaks-pípa	Krítarpípa, leggbrot, óskreytt, sjávarsorfið. 2,2x0,7 cm.	1	1,2
2017-6-8	LF	Járn	Vagn	Lítill lestarvagn á teinum sem fannst í uppfyllingu við framkvæmdirnar. Í honum hafa verið fluttar vörur á lestarteinum frá skipi til skemmu. Ryðgaður og undinn. <sup>14</sup>	1	x

## Umræða og lokaorð

Flestum minjum á framkvæmdasvæðinu hafði verið raskað af eldri lagnaskurðum. Einungis fundust óraskaðar mannvistarleifar á tveimur stöðum, annars vegar grjóthlaðin stétt framan við Hafnarstræti 16, hugsanlega einhverskonar lóðamörk, líklega frá seinni hluta 19. aldar. Hins vegar komu í ljós grjóthleðslur og timburleifar í sniði í vesturenda framkvæmdarsvæðisins, framan við Hafnarstæti 21. Hugsanlega

<sup>14</sup> Þess má geta að teinar sem borið hafa slíka vagna hafa fundist í fornleifarannsóknum á þessu svæði, sjá t.d. Aldred 2007, 31; Gestsdóttir o.fl. 2015, 9-10.

eru þetta leifar af mannvirki frá því fyrr á 19. öld eða eldra sem kom í ljós við fornleifarannsóknir á lóð Hafnarstrætis 21 árið 2006.

## Heimildir

Aldred, Oscar. 2007. *TRH06-07. The archaeology of the Reykjavík water front.* Fornleifastofnun Íslands, FS353-06322.

Aldred, Oscar. 2009. *TRH07. The archaeology of the Reykjavík water front II.* Fornleifastofnun Íslands, FS429-06323.

Anna Lía Guðmundsdóttir. 2017. *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning.* Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla nr. 178.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir & Hjörleifur Stefánsson. 1987. *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur.* Torfusamtökin, Reykjavík.

Hildur Gestsdóttir, Oddgeir Isaksen & Guðrún Alda Gísladóttir. 2015. *Fornleifauppgröftur í Pósthússtræti 2014. Framkvæmdarannsókn.* Fornleifastofnun Íslands, FS562-14022.

Lilja Björk Pálsdóttir, Jónas Haukdal Jónasson & Guðrún Alda Gísladóttir. 2015. *Framkvæmdauppgröftur í Hafnarstræti 17-19, Reykjavík.* Fornleifastofnun Íslands, FS567-15081.

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual.* Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 2.3.2017. MÍ201702-0101/6.10/KM.

Páll Líndal. 1987. *Reykjavík. Sögustaður við Sund. H-P. Örn og Örlygur,* Reykjavík.

Ragnar Edvardsson & Garðar Guðmundsson. 2001. *Hafnarstræti 15. Fornleifakönnun.* Fornleifastofnun Íslands, FS104-01071.